

Lög Ungmennafélagsins Þjótanda

Kafli A: Um félagið

1. Félagið heitir Ungmennafélagið Þjótandi, skammstafað Umf. Þjótandi og hefur aðsetur sitt í sveitarfélaginu Flóahreppi í Árnassýslu.
2. Ungmennafélagið Þjótandi er aðili að Héraðssambandinu Skarphéðni.
3. Í félagið getur hver sá gengið sem vill gangast undir lög þess.
4. Markmið félagsins er:
 - a. Iðkun íþrótta og að auka áhuga félagsmanna og almennings á heilsuefningu.
 - b. Að vinna gegn neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímugjafa.
 - c. Að auka áhuga félagsmanna á hverskonar félags- og tólmundastarfi.
 - d. Að stuðla að öflugum menningarlífi í sveitarfélaginu Flóahreppi.
 - e. Að vinna að markmiðum og stefnuskrá Ungmennafélags Íslands sem er „Ræktun lýðs og lands.“ Kjörorðið er: „Íslandi allt!“
5. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, námskeiðum, félagsstarfi, íþróttaæfingum og ýmiskonar framkvæmdum sem bestar þykja á hverjum tíma.

Kafli B: Stjórn

1. Málefnum félagsins stjórnar:
 - a. Aðalfundur
 - b. Stjórn
2. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Kafli C: Aðalfundur

1. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins.
2. Aðalfundur sitja félagar ungmennafélagsins og hafa tólf ára og eldri atkvæðisrétt.
3. Aðalfundur skal halda í janúarmánuði ár hvert. Boða skal með minnst tveggja vikna fyrirvara.
4. Tillögur sem félagar óska eftir að teknar verði fyrir á fundinum, skulu tilkynntar stjórn félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara.
5. Stjórn félags skal tilkynna félögum dagskrá aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara í fjölmiðli sem meiri hluti félagsmanna hefur aðgengi að.

6. Fundurinn er lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað.
7. Aðeins sá sem er félagi og hefur náð 16 ára aldri hefur kjörgengi á aðalfundi.
8. Hver fulltrúi hefur aðeins eitt atkvæði.
9. Aðalfundur ákveður árgjald komandi árs, árgjald er innheimt af félögum tólf ára og eldri.

Kafli D: Félagsfundur

1. Félagsfundur má halda, ef tilefni þykir til eða ef ¼ félaga óskar þess.
2. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til félagsfundar má hafa helmingi styttri en til aðalfundar.
3. Á félagsfundi má ekki gera lagabreytingar og aðeins kjósa bráðabirgðastjórn. Að öðru leyti gilda sömu reglur og um aðalfund.

Kafli E: Dagskrá aðalfundar

1. Setning og kosning starfsmanna fundarins
2. Inntaka nýrra félaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga
5. Skýrslur nefnda
6. Umræða um skýrslur, afgreiðsla reikninga
7. Lagðar fram tillögur
8. Fundarhlé
9. Verðlaunaafhending
10. Atkvæðagreiðsla um tillögur
11. Kosningar
12. Önnur mál
13. Fundarslit

Kafli F: Önnur ákvæði um aðalfund

1. Kosningar í stjórn félagsins eru leynilegar.
2. Stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn en heimilt er að endurkjósa menn.

3. Á aðalfundi skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
4. Ef tveir eru jafnir í kosningum skal kjósa aftur um þau nöfn.
5. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 greiddra atkvæða.

Kafla G: Stjórn félags

1. Stjórn félagsins skipa þrjú menn: Formaður, ritari og gjaldkeri. Ritari félagsins er jafnframt varaformaður. Í varastjórn eru tveir menn.
2. Stjórn skal kjörin á aðalfundi, einn maður í einu í þessari röð: Formaður, ritari, gjaldkeri. Leyfilegt er að kjósa varastjórn í einu lagi. Sá einstaklingur sem kosinn er í varastjórn og hlýtur flest atkvæði er fyrsti varamaður.

Kafla H: Starfssvið stjórnar.

1. Að fara með yfirstjórn félagsins, framkvæma ályktanir fundar og að vinna að lögbundnum markmiðum félagsins.
2. Formaður hefur aðal framkvæmdavaldið og skal hann gæta þess að allir félagsmenn gæti skyldu sinnar gagnvart félaginu og boðar til funda. Ritari skal halda gerðabók, gefa út tilkynningar og rita annað það sem með þarf. Gjaldkeri heimtir inn tekjur félagsins og greiðir gjöld þess. Hann sér um fjármál félagsins og ber ábyrgð á þeim ásamt öðrum stjórnarmönnum. Hann sér um reikninga félagsins sem skulu lagðir fram á aðalfundi, skoðaðir af þar til kjörnum skoðunarmönnum.
3. Stjórnarfundir skal halda einu sinni í mánuði og auk aðalstjórnar er formönnum nefnda skylt að sækja þessa fundi. Auk þess er varastjórn boðuð á fundina.

Kafla I: Nefndir félags

1. Innan félagsins starfa þrjár fastar nefndir: Skemmtinefnd, íþróttanefnd og ritnefnd.
2. Heimilt er að stofna nýjar nefndir ef upp koma verkefni sem krefjast þess.
3. Formenn nefnda innan félagsins skili skýrslu til stjórnar í árslok.
4. Nefndarformenn eru kosnir á aðalfundi og fá með sér nefndarmenn í samráði við aðalstjórn.
5. Nefndarformenn boða til nefndarfunda a.m.k. tvisvar á ári

Kafla J: Deildir félags

1. Heimilt er að stofna deildir með sér fjárhag innan félagsins. Stjórn félagsins getur veitt deild bráðabirgðaaðild að félaginu sem skal svo samþykkt á aðalfundi félags.

2. Aðalstjórn félagsins er ábyrg fyrir deildum félagsins, bæði fjárhag og starfsemi þeirra.
3. Formenn deilda innan félagsins skili skýrslu til stjórnar í árslok.
4. Deildir haldi sér aðalfund þar sem kosin er þriggja manna stjórn.

Kafli K: Leggja félag niður

1. Tillögur um að leggja félag niður má aðeins taka fyrir á lögætum aðalfundi.
2. Til samþykktar þarf minnst 2/3 hluta atkvæða.
3. Eignir félagsins skulu renna til nýs félags innan Flóahrepps með sömu markmið, annars til sveitarfélagsins.
4. Hafi starfsemin öll legið niðri í tvö ár og aðalfundur ekki verið haldinn, telst félagið ekki lengur starfandi. Skal þá sveitarstjórn varðveita eignir þess. Verði félagið endurvakið eða annað ungmennafélag stofnað á sama félagssvæði innan 20 ára frá því starfsemi lagðist niður, þá skulu eignir félagsins renna til hins nýja félags, annars til sveitarfélagsins.

Kafli L: Lagasetning/lagabreyting

1. Lögum verður ekki breytt nema á aðalfundi félags og þá með 2/3 greiddra atkvæða atkvæðabærra félaga.

Kafli M:

1. Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum ÍSÍ og UMFÍ (eins og við á).

Lög þessi taka gildi við samþykkt 16. nóvember 2015.